



Stjórnarfundur haldinn 1. apríl 2004 kl:18:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá UMFÍ v/ Einar skipaður í nefnd til að skoða erlend samskipti á vegum UMFÍ.

Bréf frá UMFÍ v/ umsókna um framkvæmd á 8. og 9. Unglingalandsmóti UMFÍ.

Bréf frá Kaupfélagi Suðurnesja v/ inneignar sem félagið á í Kaupfélaginu.

3. Send bréf.

Engin.

4. Íprótta- og leikjaskóli Keflavíkur.

Einar sagði frá fundi sem hann sat ásamt Leif frá knattspyrnudeild Njarðvíkur og þeim Stefáni B. og Ragnari Erni. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá ráðningu við þá tvo umsækjendur sem sótt hafa um starf við Íprótta- og leikjaskólann. Samningsdrög liggja klár fyrir til undirritunar.

5. Landsmót Sauðárkróki (skipa einn fulltrúa. aðalstjórnar í nefnd).

Framkvæmdastjóri falið að kanna að fá fulltrúa frá deild sem myndi verða formaður landsmótsnefndarinnar Keflavíkur. Framkvæmdastjóri vinnur með nefndinni.

6. 17. júní '04 (skipa fulltrúa aðalstjórnar í 17. júní nefnd).

Ákveðið að Einar, Kári, Birgir, Sveinn og Guðjón verði fulltrúar aðalstjórnar í 17. júní nefnd Keflavíkur og Njarðvíkur. Samningsdrög liggja klár fyrir til undirritunar.

7. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri sagði frá því að búið væri að selja öll verðbréf félagsins. Frístundarhelgin verður 14. – 16. maí. Framkvæmdastjóri lagði til að talað yrði við Skákfélagið og þeim boðið að vera með mót í félagsheimilinu þessa helgi. Mönnum leist vel á hugmyndina og framkvæmdastjóra falið málið. Framkvæmdastjóri lagði fram endalega skiptingu á fjármagni til deilda vegna samþykktar aðalfundar og hefur það verið greitt inn á reikninga hjá deildum. Samráðsfundur UMFÍ hefur verið ákveðinn en hann verður haldinn á Sauðárkróki 15. maí. Stjórnarfundur UMFÍ verður haldinn daginn áður.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 19:00.